



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 1. október 2014.

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík

Athugasemdir Mannréttindaskrifstofu Íslands; drög að reglugerð um afplánun ungra fanga á aldrinum 15 -18 ára.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur ákveðið að taka ofangreind drög til umsagnar. MRSÍ fagnar því að nú eftir að íslensk stjórnvöld lögfest sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sé afplánun ungra fanga nú komin í það horf sem samræmist samningnum. Enn fremur telur MRSÍ jákvætt að sett sé reglugerð til þess að útlista nánar hvernig afplánunin skuli framkvæmd.

MRSÍ vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri;

- **2. mgr. 4. gr.** - MRSÍ ítrekar að undantekningin sem þar kemur fram um vistun barna í sérúrræði á að túlka þröngt og eingöngu ef það er talið þjóna hagsmunum barns sbr. 37. gr. Barnasáttmálans¹
- **5. gr. – Ákvörðun um meðferðarstað.** MRSÍ telur að við ákvörðunartöku um meðferðarstað ætti að hafa til hliðsjónar búsetu hins unga fanga og fjölskyldu hans og möguleika þeirra til heimsóknna. Í 1. og 3.mgr. 9. gr. Barnasáttmálans er fjallað um skyldu ríkja til þess að virða rétt barnsins til þess að halda tengslum við fjölskylduna nema það fari gegn hagsmunum barnsins. Í almenntri athugasemd nr. 10 leggur Barnaréttarnefnd S.þ. áherslu á möguleika hins unga fanga á að viðhalda tengslum við fjölskyldu og segir að undantekningar frá þessu ætti að vera getið í lögum til þess að minna svigrúm verði til geðþóttaákvæðana stjórnvalda um vistunarstað.²

Í 2. mgr. er fjallað um meðferðaráætlun fyrir hinn unga fanga á meðan á afplánun hans stendur. Í ákvæðinu á meðferðarheimili í samvinnu við barnaverndarnefnd að vinna slíka meðferðaráætlun. MRSÍ bendir á að vinna ætti slíka meðferðaráætlun í samvinnu við hinn unga fanga. Er það í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans sem kveður á um rétt barnsins til þess að láta í ljósi skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar.

¹ Sjá enn fremur í Almennri athugasemd Barnaréttarnefndarinnar nr. 10, 85. mgr.

² Almenn athugasemd nr. 10, 87. mgr.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

- **7. gr. Almennar reglur** – MRSÍ telur rétt að gera betur grein fyrir því hvað hér er átt við þ.e.a.s. hvar skilur á milli ákvæða um ýmis réttindi og skyldur fanga sbr. lög um fullnustu refsinga, nr. 49/2005, og reglna sem gilda um réttindi og skyldur barna á meðferðarstofnunum. Verður að vera ljóst að þar sem lögin tryggja betri réttindi ættu þau að gilda framar reglunum. T.d. mætti benda á ákvæði um dagsleyfi, heimsóknir, símtöl, leit, líkamsleit, beitingu þvingunar og önnur sambærileg ákvæði. MRSÍ telur að þörf sé á að uppfæra reglur um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barnaverndarstofu frá 1. febrúar 1999 til þess að meira samræmis gæti í þessum málum.

Enn fremur bendir MRSÍ á að ekki er fjallað um tilhögun kynningar á reglum meðferðarheimilisins til fanga, trúariðkun eða aðstoð vegna tungumáls, námserfiðleika eða annarra aðstæðna s.s. fötlunar. MRSÍ telur rétt að kveðið verði á um slíkt í þessari reglugerð svo fremi að ekki séu ákvæði um slíkt í reglum um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum eða öðrum reglum eða reglugerðum sem gilda um starfsemi meðferðarheimila.

- **11. gr. Lok vistunar hjá Barnaverndarstofu** – MRSÍ telur að ákvæði 2. mgr. geti verið afar íþyngjandi fyrir unga fanga sem vistast á meðferðarheimili hjá Barnaverndarstofu. Ljóst er að ákvæðið geti virkað sem hvati til betri hegðunar í afplánuninni en hins vegar telur MRSÍ að fyrir einstaka einstaklinga geti sú staðreynd að hafa það yfir sér að þurfa mögulega að vistast lengur á meðferðarheimilinu eftir afplánun refsிடóms haft neikvæð áhrif. Einnig telur MRSÍ ákvæðið frekar rúmt og geta gefið tilefni til gegþóttaákvæðana.

Virðingarfyllst,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur